



Sýslumenn

Sýslumaðurinn á
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur

101 Reykjavík

sent rafrænt

Kópavogi, 11. maí 2026

Vísað er til bókunar borgarráðs frá 30. apríl sl., sem send var til sýslumanns sama dag.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur frá árinu 2022 haft einn stað fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Við sveitarstjórnarkosningar 2022, forsetakosninguna 2024 og alþingiskosningarnar 2024 fór atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fram í Holtagörðum.

Í tengslum við sveitarstjórnarkosningarnar í ár fer atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fram í Hlíðasmára 1 á jarðhæð. Húsnæðið er rúmgott, aðgengi gott og aðstaða til þjónustu við kjósendur góð. Þá eru sérmerkt bílastæði við húsnæðið, sem ekki hefur áður staðið kjósendum til boða. Samgöngur að Hlíðasmára 1 eru góðar, strætisvagnar nr. 21 og 24 stoppa við húsnæðið þá er stutt í Smáralind þar sem strætisvagnar nr. 2, 21, 24 og 28 stoppa.

Kjörsókn utan kjörfundar hefur verið mjög góð hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og hefur aukist um tæplega 30% frá sveitarstjórnarkosningunum 2022.

Rétt er að upplýsa, að áður en ákvörðun var tekin um staðsetningu atkvæðagreiðslu utan kjörfundar var kannað hvort annað hentugt húsnæði væri laust. Leitað var til Holtagarða, allra fasteignafélaga sem leigja út húsnæði á höfuðborgarsvæðinu, Framkvæmdasýslu ríkisins og til Reykjavíkurborgar. Engu húsnæði var þó til að dreifa sem hentaði fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, annað en jarðhæðin í Hlíðasmára 1. Var því sú ákvörðun tekin að kosning utan kjörfundar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu yrði í Hlíðasmára 1.

Að mati embættisins er ekki ástæða til að endurskoða ákvörðunina eða fjölga kjörstöðum, enda liggur fyrir að ekkert húsnæði stendur til boða sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til kjörstaða utan kjörfundar.

Með kveðju,

Sigríður Kristinsdóttir

sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu